



## FRÉTTABRÉF STEFs - JÚNÍ 2023

### ► Pálmi hlaut Langspilið 2023

Langspil ársins var afhent þann 19. maí sl. en það eru verðlaun sem árlega falla í skaut höfundu sem skarað hefur fram úr og náð eftirtektarverðum árangri á nýliðnu ári. Að þessu sinni varð fyrir valinu **Pálmi Ragnar Ásgeirsson**. Það var einróma álit stjórnar STEFs að hann væri afar vel að útnefningunni kominn. Á undanförunum árum hefur Pálmi látið mjög til sín taka sem höfundur og upptökustjóri og komið við sögu margra vinsælustu laga landsins. Hann hefur verið iðinn við að uppgötva efnilegt tónlistarfólk, þróa með því hæfileika og hjálpa því að blómstra. Glowie, Friðrik Dór og Bríet eru nokkur nöfn sem nefna mætti í því sambandi. Skemmst er svo að minnast Diljár Pétursdóttur, sem flutti framlag Íslands í Eurovision í ár, lag eftir Pálma. Við óskum Pálma og hans fólki hjartanlega til hamingju!



## ► **Opinber tónlistarstefna og grunnur lagður að Tónlistarmiðstöð**

Alþingi samþykkti þann 8. maí sl. frumvarp **Lilju Daggar Alfreðsdóttur**, menningar-, viðskipta-og ferðamálaráðgjafar, um fyrstu heildarlöggjöf varðandi tónlist. Löggjöfin styðst við formlega tónlistarstefnu, sem gildir til ársins 2030. Ganga löggin út á að efla umgjörð fyrir sköpun og flutning tónlistar á Íslandi, marka heildarramma fyrir málefni greinarinnar og búa henni hagstæð skilyrði.

Lagasetningin byggir á greinargóðri skýrslu sem starfhópur undir forystu Jakobs Frímans Magnússonar skilaði af sér árið 2021. Leggja löggin grunn að stofnun sérstakrar Tónlistarmiðstöðvar og fela í sér endurskipulag sjóðakerfis hins opinbera á sviði tónlistar. Í lögunum er einnig að finna ákvæði um sérstakt Tónlistarráð, sem verði stjórnvöldum og hinni nýju miðstöð til ráðgjafar um málefni tónlistar af öllum toga.

STEF skilaði umsögn til þingsins um þessi mál, sem og í samráðsgátt stjórnarráðsins á undirbúningstímanum. Umsögn STEFs fól í sér smávægilegar athugasemdir, en fyrst og fremst lýsti stjórn samtakanna yfir ánægju með þennan mikilvæga áfanga.



## ► Gervigreind í deiglu

Gervigreind hefur verið töluvert í umræðunni undanfarið, m.a. í sambandi við listsköpun. Í aðildarsamningi STEF kemur skýrt fram, að það sé undirritaður höfundur sem framselur tiltekin réttindi og að hann/hún/hán (o.s.frv.) hafi samið þau verk sem skráð verði hjá STEFi. M.ö.o. er gert ráð fyrir því að það séu tilteknir einstaklingar sem semji hin skráðu verk, en ekki tölvuforrit.

Höfundar geta þó, nú sem fyrr, nýtt sér til aðstoðar hin ýmsu tæki og tól við að útbúa verk sí (þ.m.t. gervigreind) og kemur slíkt ekki í veg fyrir að þau njóti höfundaverndar eða geti verið skráð hjá STEFi.


Vert er að benda á, að þann 29. september n.k. mun STEF, ásamt öðrum höfundaréttarsamtökum og fleiri aðilum, standa fyrir málþingi um gervigreind, þar sem fjallað verður um gervigreind útfrá sjónarhóli hinna skapandi greina. Þekktir erlendir fyrirlesarar á þessu sviði verða þar þátttakendur, auk fjölda innlendra aðila. Verður málþingið nánar auglýst síðar.

Nýlega veitti framkvæmdastjóri STEFs Morgunblaðinu viðtal um gervigreindarmál. Það má lesa með því að [smella hér](#).



## ► Miðsumarsúthlutun hæftri en nokkru sinni

Miðsumarsúthlutun fór fram þann 19. júní. Hún er fyrri hluti Aðalúthlutunar ársins, en seinni hlutinn greiðist út í desember. Alls nam Miðsumarsúthlutun nú u.þ.b. 120 milljónum, sem er mikil hækkun frá því í fyrrasumar (67m). Áætlað er að Aðalúthlutun í ár muni nema samtals u.þ.b. 250 milljónum, þannig að Miðsumarsúthlutun er hartnær helmingur af heild Aðalúthlutunar.



## ► Ársreikningur STEFs 2022

Aðalfundur fulltrúaráðs STEFs var haldinn þann 17. maí og var fundarmönnum þar kynntur endurskoðaður ársreikningur samtakanna. Þau fjárhagslegu vatnaskil urðu á sl. ári, að rekstrartekjur STEFs fóru í fyrsta skipti yfir milljarð króna. Fundurinn var annars tíðindalítil, en þó urðu nokkrar umræður um áhrif gervigreindar á tónlistarbransann og ýmsar áskoranir sem því fylgja, nokkuð sem eflaust mun verða töluvert til umræðu á komandi árum, ekki síst á sviði höfundaréttar.

[Hér er að finna árs- og gagnsæisskýrslu STEFs](#), en þar er að finna lykiltölur úr ársreikningi.



Gledilegt söngvasumar ;-) )

